

á yfirstandandi fjárhagstímabili, skaðabætur fyrir báðar hinar glötuðu peningasendingar, **131**  
alls 37 rd. 43 sk. eða 74 kr. 89 aur. 14. nóv.

Um leið og jeg sendi herra amtmanninum hjálagða ávísun fyrir fje þessu, skal jeg þjónustusamlega biðja yður að sjá um, að sýslumanninum í Húnavatnssýslu verði greiddar af því 44 kr. 89 aurar, sem skiptaráðanda í dánarbúi framantjeds Stefáns Hjörleifssonar, og sira Stefáni Árnasyni 30 kr., og að senda mjer viðurkenningu þeirra beggja fyrir viðtöku þessara peninga.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um búskap hegning-* **132**  
*arhússins.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, frá 8. þ. m. meðtók jeg **20. nóv.**  
skýringar þær, er jeg hafði bedizt 31. júlí þ. á., snertandi tilboð umsjónarmanns hegning-  
arhússins hjer í bœnum um að taka að sjer að kosta fæði fanganna gegn 50 a. borgun fyrir  
hvern fanga á dag, og sjest af þessum skýringum, að fæðið hefir hingað til ekki kostað meira  
fyrir hvern í fanga, en 41 e. á dag, að frátöldum eldivið, er umsjónarmaðurinn gjörði  
sömulleiðis ráð fyrir að fá fyrir ekki neitt, ef hann tæki að sjer búskapinn fyrir áminnsta  
50 a. á dag. Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegr-  
ar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að mjer þykir ekki ástæða til að skipta  
sjer frekar af tjeðri beiðni, er hið fyrirhugaða fyrirkomulag mundi verða hegningarhúsinu  
að talsverðum kostnaðarauka, eptir því sem frá hefir verið skýrt.

— *Brjef landshöfðingja til cand. phil. Þorleifs Jónssonar um styrk til að* **133**  
*kenna hraðritun.* — Út af beiðni yðar frá 13. þ. m. um, að yður verði veittur **20. nóv.**  
styrkur úr landssjóði til að kenna ungum mönnum hraðritun, læt jeg yður hjer með vita,  
að jeg er fús á að veita yður af fje því, er getur um í 15. gr. fjárlaganna, hæfilega þókn-  
un fyrir hvern mann, er þjer kennið nefnda íþrótt, allt að 8 mönnum, og með því  
skilyrði, að styrkurinn verði greiddur yður þegar kennslan er um garð gengin og hlutað-  
eigandi lærisveinar hafa sannað með prófi, að þeir sjeu orðnir svo leiknir í hraðritun, að  
þeir geti tekið að sjer það verk, að bóka ræður á alþingi, ef þing það, sem kemur sam-  
an 1. júlí næsta ár, vill hafa hraðritara til þess.

### Auglýsing

*um almennar baðanir sauðfjárins á kláðasvæðinu.*

**134**  
30. nóv.

Með því að fundizt hafa kláðavottar bæði í einni rjett í haust og um veturnætur á einum bæ, hvorttveggja á miðju svæði því, sem megn kláði fannst á í fyrra vetur, og þar sem ætla má, að tryggingarboð þau, er fyrirskipuð voru í fyrra, hafi verið framkvæmd á mjög hirðulausan og óáreiðanlegan hátt í ýmsum hreppum Borgarfjarðarsýslu, en ekki hefir verið mögulegt í sumar að halda uppi, svo að komið hafi verið í veg fyrir allar samgöngur milli Borgarfjarðarsýslu og sveitanna fyrir sunnan hana, heimagæzlu þeirri, er fyrirskipuð var í tjeðri sýslu til að varna útbreiðslu fjárkláðans þaðan — hefi jeg álitnið nauðsynlegt til þess að útvega sem mesta tryggingu fyrir, að kláðanum verði alveg útrýmt á vetri þeim, er nú stendur yfir, að bjóða almennt bað á öllu sauðsje á áminnstu svæði.

Fyrir því skal hjer með skipað fyrir, eins og nú segir:

1.

Fyrir desembermánaðarlok þessa árs skal tryggilegt, öllum óþrifum og kláða eyðandi

**134** bað fara fram með opinberu eptirliti á öllu sauðfje í Borgarfjarðarsýslu, Kjósar- og Gullbringusýslu, umdæmi Reykjavíkur kaupstaðar, og þeim parti Arnessýslu, sem er fyrir vestan Brúará, Hvítá og Ölvesá.

2.

Þangað til bað þetta er um garð gengið og næstu 6 vikur eptir það, skal halda uppi hálfsmánaðarskodunum á öllu sauðfje í nefndum sýslum samkvæmt reglum þeim, er fyrirskipaðar eru í 3. grein auglýs. frá 30. ágúst f. á.; en 6 vikum eptir það má, ef engin grunsemd kemur fram, strjála skodunum, svo að þær verði með mánaðarfresti. Nú verður vart við kláða eptir það, og skal þá taka upp aptur hálfsmánaðarskodanir samkvæmt nánari ákvörðun lögreglustjóra, og jafnframt því, að fjeð á viðkomandi bæ og nábúabæjum sje tekið til rækilegra lækninga.

3.

Hreppsnefndirnar skulu styðja að því, að nægileg þaðmeðul verði útveguð handa hreppunum, og að hinar gjörðu fyrirskipanir fái framgang; en lögreglustjóri, hreppstjórar og aðstodarmenn þeirra skulu, ef þeir sýna nokkuð hirðuleysi eða vanrækt á að fylgja þessum skipunum fram, bera af því ábyrgð til sekta eptir úrskurði amtmanns samkvæmt 5. gr. tilsk. 5. janúar 1866.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 30. nóvbr. 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jon Jónsson.

135

### Reikningur

stýrktarsjóðs *Christians konungs hins níunda í minningu 1000 ára hátíðar Íslands, um árið frá 1. sept. 1875 til 31. ágúst 1876.*

Tekjur:

Gjöld:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári:

a. Innrítunarskírteini litr. C. fol. 3609  
að upphæð . . . 8400 kr. » a.

b. Í sparisjóðnum og í  
peningum . . . 114 — » —

2. Vextir til 11. júní 1876 338 — 84 —

1. Heiðursgjafir veittar:

a. Helga Magnússyni í Birtingaholti í  
Arnessýslu . 160 kr.

b. síra Jakobi  
Guðmundssyni

á Sauðafelli í  
Dalasýslu . 160 — 320 kr. » a.

2. Eptirstöðvar við lok reikningsársins:

a. Innrítunarskírteini litr.  
C. fol. 3609 . . . 8400 — » —

b. Lagt í sparisjóðinn í  
Reykjavík . . . 132 — 84 —

Tekjur alls 8852 kr. 84 a.

Gjöld alls 8852 kr. 84 a.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 9. sept. 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jon Jónsson.